

Aðalfundur FAAS haldinn mánudaginn 10.maí 2010 kl.2000 að Grand Hotel, Reykjavík

María Th. Jónsdóttir formaður FAAS setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og sagði frá því að veitingar fundarins væru í boði Lundbeck. Hún tilnefndi Fanney Proppé Eiríksdóttur sem fundarritara og Hrafn Magnússon sem fundarstjóra. Var það samþykkt samhljóða.

Áður en fundarstjóri gat hafið fund stóð Helgi J. Hauksson (HJH) upp og fór þess á leit m.a. að fundarmenn tækju afstöðu til þess hvort fundurinn væri boðaður með löglegum fyrirvara, hann lagði fram bókun í fjórum liðum með kröfu um útskýringar. Bókun HJH er varðveitt í heild sinni sem fylgiblað með fundargerðinni.

Fundarstjóri staðfesti að til fundarins væri boðað með löglegum hætti sem staðfest var af Maríu, sem ítrekaði að fundarboð hefðu verið send út tímalega til allra félagsmanna með fréttabréfi félagsins. Auglýsing hefði birst í Fréttablaðinu, með afsökunarbeiðni frá blaðinu um að þeim hefði misfarist að birta auglýsinguna 3.maí sl. eins og til stóð og því kom hún ekki í blaðinu fyrr en degi síðar.

Skýrsla stjórnar. Formaður flutti skýrslu 25.starfsárs félagsins. Þar kom fram m.a. að FAAS hefur unnið að því að koma upp tenglaneti, um land allt. Haldnir hafa verið fjórir opnir fræðslufundir í Reykjavík, ásamt fræðslufundi á Akureyri, Seyðisfirði og á Sauðárkróki. Dagþjálfanirnar þrjár sem FAAS rekur ganga vel og hafa hlotið mikið lof fyrir jákvætt, lifandi og hvetjandi starf. Gerður Pálmadóttir, fyrsti formaður FAAS var gerð að heiðursfélagi í afmælisboði sem haldið var í mars sl. sem er stofnmánuður FAAS. Ráðgjöf og fræðsla fyrir aðstandendur og umönnunaraðila hefur aukist mjög mikið síðan Svava Aradóttir, hjúkrunarfræðingur og framkvæmdastjóri félagsins kom til starfa. Skýrslan í heild sinni er á Heimasíðu félagsins og er varðveitt í gögnum félagsins.

Reikningar FAAS árið 2009. Viðar G. Elísson lögg. endurskoðandi fór yfir reikninga félagsins. Þá útskýrði Viðar einnig reikninga Fríðu-, Drafnar-, og Maríuhúss.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar og reikningana.

HJH sagðist vera með margar spurningar. Um m.a. tenglastarfið, aðild að Alzheimer Europe og hvaða rétt félagið hefði til að strika fólk út úr félagaskrá. Um stjórnir Fríðu- og Drafnarhúss og um ofurlaun og bíl greidd af félaginu úr sjóði húsanna. Og fór þess á leit að fundargerðir stjórnar yrðu settar á netið og þar með gerðar opinberar.

Viðar útskýrði tilurð Fríðuhúss, FAAS gerði samning um rekstur hússins við Heilbrigðisráðuneytið og eins var gert með hin húsinn. Samþykktir þessara húsa eru greinilega til en þau hafa alla tíð verið í umsjá stjórnar FAAS. Laun hafi alltaf verið greidd, sem og bílakostnaður og séu ekkert nýmæli í reikningum félagsins eða húsanna.

Guðmundur Davíðsson fyrrverandi starfsmaður Fríðu- og Drafnarhúss spurðist fyrir um hagnað Drafnarhúss þar sem þar hefði verið skotið á neyðarfundi þar sem sagt var að um mikla rekstrar-erfiðleika væri að ræða, laun lækkuð og ýmsir bónusar teknir af.

María Th Jónsdóttir tók til máls og ítrekaði að húsinn hefðu alla tíð verið í umsjá FAAS, allur rekstur og fjárreiður, en hvert hús fyrir sig væri sjálfstæð rekstrareining. Ítrekaði einnig að enginn hefði verið strikaður út af félagaskrá í umboði stjórnar, en margir hefðu ekki greitt

lengi og tekin hefði verið sú ákvörðun að reyna að ná í alla sem ekki hefðu greitt gjöld og þeim gefinn kostur á að taka afstöðu sjálfir.

Varðandi fundargerðir stjórnarfundna, sem HJH hafði krafist að væru gerðar opinberar, ítrekaði María þá samþykkt stjórnar að fundargerðir stjórnar væru taldar trúnaðarmál. Varðandi Alzheimer Europe þá hefur það verið mjög dýrt fyrir FAAS, og það mál yrði kannað og unnið frekar. Þá staðfesti hún að svör við mörgum spurningum og fullyrðingum HJH eins og um það að engar upplýsingar um að formannskjör stæði til á þessum aðalfundi hefðu komið fram. Það væri rangt því svo greinilega hefði komið fram í síðasta fréttabréfi, þar sem hún hefði kvatt félagana, ásamt ýmsum öðrum upplýsingum að engum gæti dulist að kjósa þyrfti nýjan formann.

Skýrsla stjórnar og reikningar félagsins var samþykkt eftir áréttingu fundarstjóra um að sönnun á því að viðkomandi hefði atkvæðarétt gæti komið til síðar á fundinum ef fundarstjóri mæti það svo.

Skýrsla afmælisnefndar. Svava Aradóttir flutti skýrslu afmælisnefndar, auk Svövu sitja í nefndinni þau María Th. Jónsdóttir, Dr.Jón Snædal, Erla Grétarsdóttir úr fagraðinu og Ásgeir M.Valdimarsson og Guðjón Brjánsson úr röðum félagsmanna. Þar var m.a. sagt frá því að ákveðið var að byrja afmælisárið með veislu þar sem m.a. öllum fyrrverandi formönnum var boðið, og fyrsta formanni FAAS, Gerði Pálmadóttur færð gjöf, og hún gerð að heiðursfélagi. Árinu mundi svo ljúka með ráðstefnu haustið 2010. Sagt var frá efni frá bandarísku sjónvarpsstöðinni HBO sem Dr. Anton P. Þorsteinsson færði félaginu að gjöf, með þá hugmynd að efnið yrði þýtt og jafnvel komið í sýningu hérlendis. María er að skrá sögu félagsins. Skýrslan er í heild sinni varðveitt í gögnum félagsins. Hún lauk orðum sínum með kveðju og þakklæti til Maríu Theódóru Jónsdóttur, sem hefði verið sinn Mentor og hafsjór af fróðleik frá upphafi síns starfs fyrir félagið og slíkt væri ómetanlegt.

Margrét Gústafsdóttir ræddi dagþjónustur sem væru átta talsins á höfuðborgarsvæðinu. Hún ræddi um fagmennsku þar almennt sem væri frábær og sagði frá rannsóknarvinnu sem hún hefur staðið að.

Skýrsla laganefndar. Daníel Isebarn Ágústsson er formaður laganefndar, en auk hans sátu í nefndinni þau, Fanney Proppé Eiríksdóttir, Sigurbjörg A. Guttormsdóttir, Guðríður Ottadóttir og Hrafn Magnússon. Sérstakir gestir voru einnig tilkallaðir þau María Th. Jónsdóttir og Viðar G. Elísson lögg. endurskoðandi félagsins. Daníel sagði frá störfum nefndarinnar og kynnti drög að laga-breytingum sem stjórn samþykkti 12.apríl sl.

Miklar umræður urðu um tillögurnar og kom frávísunartillaga frá HJH fram, ásamt tillögu um breytingu á 3.gr draganna frá Mörtu Pálsdóttur og Ágústu Helgadóttur. Tillögurnar eru varðveittar í gögnum félagsins.

Miklar umræður urðu um hin ýmsu mál og báðu nokkrir fundarmenn um orðið og tjáðu sig bæði um málefni laganna, frávísunartillöguna og hvort félagið ætti yfirleitt að standa að rekstri dagþjálfanna. Fram kom að til stendur að halda fund um m.a. það mál í haust og var þeirri umræðu því frestað því brýnt var að halda áfram með fundinn sem orðinn var mjög langur. Formaður laganefndar ítrekaði að lög félagsins þyrftu endurskoðunar við og gefa ætti stjórn félagsins tækifæri á að laga þau atriði er fram komu á fundinum, en samþykkja nýjan ramma. Rætt var um að félagið ætti bara að vera aðstandendafélag líkt og Krabbameinsfélagið. María svaraði því til að þegar vöntun á dagþjálfunum var sem mest og

félagið barðist hatrammlega fyrir því að fá opnaðar fleiri dagvistir, þá var það ekki til umræðu, hjá sveitafélagunum nema ef félagið mundi vilja koma að rekstrinum. Þannig hafa málin þróast og félagið stendur að dagþjálfun fyrir 55 aðila í dag.

Frávísunartillaga HJH var felld.

Gert var hlé á fundinum í 10 mínútur og hressing var í boði Lundbeck.

Að loknu fundarhléi bar fundarstjóri upp tillögur að lagabreytingum lið fyrir lið.

Drögin voru samþykkt með áorðnum breytingum. Lögin í heild sinni, eins og þau voru endanlega samþykkt, fylgja sem sérstakt fylgiskjal með þessari fundargerð.

Tillaga stjórnar um Fanney Proppé Eiríksdóttur sem formann næsta starfsár var samþykkt einróma.

Tiilaga stjórnar um þrjá nýja stjórnarmenn í aðalstjórn, þær Ingibjörgu Magnúsdóttur, Guðríði Ottadóttur og Guðmundu Kristjánsdóttur var samþykkt einróma.

Tillaga stjórnar um tvo nýja aðila í varastjórn, þau Bjargey Unu Hinriksdóttur og Hrafn Magnússon var samþykkt einróma.

Tillaga stjórnar um tvo skoðunarmenn, þau Jón Snædal og Maríu Th. Jónsdóttur var samþykkt einróma.

Stjórn lagði fram tillögu um hækkun á árgjaldi úr 2500 kr. í 3000 kr. Umræður urðu um málið og fannst fundarmönnum að gjaldið ætti að vera óbreytt. Stjórn dró því tillögu sína tilbaka.

Því var samþykkt að árgjaldið yrði óbreytt 2500 kr.

Enginn tók til máls undir liðnum Önnur mál og fundarstjóri lauk því sínum störfum með því að gefa fráfarandi formanni Maríu Th. Jónsdóttur orðið.

María þakkaði fundarmönnum og félagunum almennt svo og stjórn og öðrum sem komið hafa að starfi félagsins fyrir frábært samstarf í gegnum árin og bauð nýjan formann velkominn til starfa.

Nýkjörinn formaður Fanney Proppé Eiríksdóttir, þakkaði fundarmönnum traust til sín og sagði þetta vera tímamót ekki bara fyrir félagið heldur fyrir sig líka, því verkefnið sem hún tæki að sér væri stórt og enginn gæti tekið að sér slíkt starf af ábyrgð án þess að ráðfæra sig við fyrrverandi formann, sem hún mundi gera og hafa samvinnu við góða féлага og samstarfsmenn.

Fundi slitið kl 2330.

Fundarritari: Fanney Proppé Eiríksdóttir